



Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið

2020 – 2021

Aðalfundur Þjóðræknisfélags Íslendinga (ÞFÍ) var haldinn með fjarfundarbúnaði sunnudaginn 23. ágúst 2020 og hófst kl. 13.10. Hulda Karen Daniélsdóttir formaður félagsins setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og útskýrði að fundurinn væri haldinn með þessum hætti, þar sem COVID-19 hamlaði venjubundnu samkomuhaldi. Hulda Karen kynnti dagskrá fundarins, sem hafði verið send ásamt skýrslu stjórnar til félagsmanna með tölvupósti nokkru fyrir fundinn. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrána. Hún tilnefndi Svavar Gestsson sem fundarstjóra og Sigurð R. Jónmundsson sem fundarritara. Þar næst tóku við venjuleg aðalfundarstörf, þar sem skýrsla stjórnar um starfsemina 2019-2020 var flutt og ný stjórn kjörin. Aðalmenn í stjórn til tveggja ára eru Þorvarður Guðlaugsson, Erin Jones og Sigurður Rúnar Jónmundsson. Varamenn í stjórn til eins árs eru Þórður Bjarni Guðjónsson, Kristín M. Jóhannsdóttir og Sandra Björg Ernudóttir. Fulltrúar afkomenda íslenskra landnema í Vesturheimi eru Joel Friðfinnsson, Arborg, Manitoba og Dianne O'Konski, Lakeville, Minnesota, núverandi formaður INLUS sem tók við af Sunnu Pam Olafson Furstenau í nóvember á sl. ári. Áfram sitja í stjórninni næsta starfstímabil þau Hulda Karen Daniélsdóttir formaður, Soffía Óskarsdóttir varaformaður, Gísli Sigurðsson ritari og Jón E. Gústafsson meðstjórnandi, sem voru kosin 2019. Guðrún Ágústsdóttir var kosin formaður kjörnefndar og tekur hún við af Hjálmar W. Hannessyni. Með henni í nefndinni eru Markús Örn Antonsson og Steinn Logi Björnsson. Skoðunarmenn reikninga til eins árs eru Sigurður Þórðarson og Ásgeir Jónsson. Engar aðrar tillögur bárust og ofangreind tillaga kjörnefndar var samþykkt samhljóða.

Þrátt fyrir viðvarandi COVID-19 ástand lá starfsemi félagsins ekki niðri. Að meðaltali var haldinn einn stjórnarfund í mánuði á Zoom, en aðrir hefðbundnir viðburðir og verkefni féllu niður. Má þar helst nefna þingið sem haldið hefur verið í ágúst á undanförunum árum, fræðslufundi og þátttöku formanns í ráðstefnum og hátíðarhöldum afkomenda Vestur-Íslendinga í Vesturheimi. Hefðbundnar heimsóknir samstarfsaðila ÞFÍ í Vesturheimi hingað til lands, féllu sömuleiðis niður. Á stjórnarfundunum var fjölmargt til umræðu, þar á meðal International Visits Program, Núna now, möguleg styrkjaveiting til skóla sem fræða nemendur sína um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra og hvort endurskoða ætti nafn Þjóðræknisfélagsins því misskilnings um merkingu þess gætir hjá mörgum, ekki síst ungu fólki. Á fundi stjórnar sem haldinn var 26. janúar var Svavars Gestssonar minnst. Í fundargerð skráði ritari m.a. eftirfarandi: *Með sanni má segja að minningin um Svavar, mælsku hans, velvild og alþýðleika, er ljóma slegin og hans verður sárt saknað.*

Vefur ÞFÍ: Nokkrir stjórnarliðar tóku að sér að skoða vefinn og skrifuðu stutta skýrslu um hvað betur mætti fara. Nú er unnið er að því að uppfæra og bæta vefinn. <https://www.inl.is/>.

Fréttabréf: Frá síðasta aðalfundi hefur eitt fréttabréf ÞFÍ komið út og má nálgast það á vef félagsins <https://www.inl.is/>. Eldri fréttabréf verða einnig aðgengileg á vefnum.

Verkefni og viðburðir: Mörg og fjölbreytt verkefni rata inn á borð ÞFÍ. Kvikmyndaskóli Íslands leitaði til félagsins í þeim tilgangi að kynna fyrirhugaða alþjóðadeild við skólann og skoða mögulega tengingu við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi. Þjóðskjalasafnið sendi mynd af gömlum frímerkjum/límíðum til að forvitnast um hvort Þjóðræknisfélag Íslands í Vesturheimi hefði staðið á bak við útgáfu þeirra. Einstaklingur velti fyrir sér hvað hann ætti að gera við myndaalbúm með gömlum myndum frá Vesturheimi, skemmtikraftur bað um aðstoð við að koma fram á viðburðum afkomenda Íslendinga í Vesturheimi og íslenskur meistaranemi í mannfræði við háskóla í Bandaríkjunum hafði samband vegna lokaverkefnis, svo fátt eitt sé nefnt. Öllum erindum var svarað og reynt að aðstoða viðkomandi eftir bestu getu. Í Framhaldsskólanum á Laugum var kennt námskeið um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra. ÞFÍ veitti kennara og nemendum styrk til að heimsækja Vesturfasetrið á Hofsósi. Jafnframt hefur stjórnin ákveðið að veita fjórum skólum styrk til þess að vinna verkefni sem fjalla á einn eða annan hátt um Vestur-Íslendinga og afkomendur þeirra.

ÞFÍ vakti á Facebook-síðum og vef félagsins athygli á fjölmörgu sem viðkemur áherslum og markmiðum félagsins um að efla samstarf og tengsl við fólk af íslenskum ættum í Vesturheimi. Þetta efni er aðgengilegt hér: <https://www.facebook.com/groups/ThjodraeknisfelagIslendinga>

Heiðursráð ÞFÍ: Samkvæmt starfsreglum Heiðursráðs Þjóðræknisfélags Íslendinga er tilgangur þess „að efla tengsl Íslendinga við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi og treysta fjárhagsstöðu félagsins.“ Heiðursráðið hefur starfað frá árinu 2013 og kemur saman árlega, en vegna COVID-19 var ekki haldinn fundur hjá ráðinu á árinu 2020. Formaður ráðsins er Halldór Árnason sem var gestur stjórnarfundar ÞFÍ þann 20. apríl sl. Heiðursfélagar ráðsins eru þau Almar Grímsson, Atli Ásmundsson, David Gíslason, Eric Stefanson, Gail Einarson-McCleerey, Sunna Pam Furstenau, Vigdís Finnbogadóttir og Svavar heitinn Gestsson sem lést í janúar á þessu ári.

Samskipti og samstarf við Vesturheim: Vegna COVID-19 í fyrra og það sem af er þessu ári, hafa samskipti ÞFÍ við afkomendur Íslendinga í Vesturheimi mestmegnis farið fram á netinu á Zoom og Facebook. Það eina sem talist getur jákvætt við ástandið er að í auknum mæli sitja ýmsir gestir, sem búa jafnvel ekki á Íslandi, stjórnarfundum félagsins á þennan hátt. Til að mynda sat Natalie Guttormsson stjórnarfund þann 26. janúar og kynnti stjórninni uppfærðan vef Snorraverkefnanna, Stefan Jonasson formaður INLNA og ritstjóri Lögbergs-Heimskringlu sat stjórnarfund þann 23. mars og Guðmundur Árni Stefánsson aðalræðismaður Íslands í Winnipeg var gestur fundar þann 20. apríl.

Snorraverkefni: Þjóðræknisfélagið og Norræna félagið stofnuðu í sameiningu sjálfseignarstofnunina Snorrasjóð sem hefur verið starfrækt frá árinu 1999. Undir Snorrasjóð falla verkefni Snorri, Snorri Plus, Snorri West og Snorri Alumni Internship. Stjórn stofnunarinnar er skipuð fimm fulltrúum, einn er tilnefndur af stjórn Norræna félagsins (NF), einn skipaður af NF og ÞFÍ sameiginlega, einn er frá Icelandic National League (INL) í Norður-Ameríku og einn er fulltrúi nemenda/þátttakenda. Að auki tilnefna stofnendur hvor um sig einn varamann. Hulda Karen Daníelsdóttir er formaður sjóðsins, Soffía Óskarsdóttir er varaformaður en aðrir í stjórn eru Hrannar Björn Arnarsson, Ástrós Signýjardóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Julie Sanders og Jody Arman-Jones. Pála Hallgrímsdóttir er verkefnastjóri Snorraverkefnanna.

Vegna COVID-19 var öllum Snorraverkefnum aflýst árið 2020 og öllum nema Snorri Plus verkefninu aflýst árið 2021. Snorri Plus verkefninu, sem yfirleitt fer fram í ágústmánuði, hefur verið frestað fram í september. Vonast er til þess að af því geti orðið og að ekki þurfi að aflýsa því eins og hinum Snorraverkefnum. Engu að síður og þrátt fyrir ástandið hafa þær Jody Arman-Jones, Julie Summers, Blair Lockhart, Natalie Guttormsson og Pála Hallgrímsdóttir uppfært og gert miklar á endurbætur á snorri.is vefnum. Þær hafa unnið þrekvirki og eiga sannarlega hrós skilið. Einnig gerði stjórn Snorrasjóðs, í nánú samstarfi við stjórnir ÞFÍ og NF, drög að breytingum á skipulagsskrá sjóðsins og sendi sýslumanni. Gert er ráð fyrir að breytingarnar verði samþykktar. Bæði

ÞFÍ og NF veittu Snorraverkefninu fjárhagslegan stuðning á sl. ári. Skipulagning vegna Snorraverkefna fyrir árið 2022 er hafin og því ber að fagna.

Þakkir og kveðjur: Þjóðræknisfélagið færir utanríkisráðuneytinu og Ícelandair kærar þakkir fyrir mikilvægan fjárhagslegan stuðning um árabíl sem hefur gert félaginu kleift að sinna umfangsmiklu starfi sínu. Þá þakkar félagið sendiráðum Kanada og Bandaríkjanna á Íslandi og starfsfólki þeirra fyrir mikilsverðan stuðning við starfsemi félagsins. Félagið þakkar einnig samstarfsaðilum í Vesturheimi fyrir gjöfult og gott samstarf jafnt í ár sem á fyrri árum.

Lokaorð: Ég vil þakka samstarfsfólki mínu í stjórn ÞFÍ fyrir ánægjulega samvinnu. Saman höfum við unnið að því að efla samstarf og samskipti Íslendinga við einstaklinga og samtök afkomenda Íslendinga í Vesturheimi á fjölmörgum sviðum. Einnig vinnum við stöðugt að því að fá fleiri aðila til liðs við félagið, ekki síst ungt fólk.

Félagsmönnum öllum þakkar stjórnin stuðning og tryggð við félagið.

Hulda Karen Daníelsdóttir

F.h. stjórnar ÞFÍ, Hulda Karen Daníelsdóttir, formaður